

# **Króka-Refs saga**

# Króka-Refs saga

## 1. kafli

Á dögum Hákonar konungs Aðalsteinsfóstra bjó út á Íslandi í Breiðafirði á bæ þeim er að Kvennabrekku heitir maður sá er Steinn hét. Kona hans hét Þorgerður. Hún var Oddleifsdóttir, systir Gests af Barðaströnd. Steinn var auðigur maður og hinn besti bóndi og þá gamall mjög.

Son áttu þau er Refur hét. Hann var mikill vexti á unga aldri, vænn að yfirliti og ódællgur. Engi maður vissi afl hans. Hann var eldsetinn og öngva hafði hann aðra iðn fyrir starfi en veltast fyrir fótum mönnum er þar gengu. Mikið mein þótti þeim hjónum á þessu, að þeirra son skyldi svo lítt vilja síðu nema annarra manna. Hann var af flestum mönnum fiðfl kallaður.

Maður er nefndur Þorbjörn, auðigur og ódæll og vígamaður mikill og hinn mesti ójafnaðarmaður. Hann hafði búið í öllum landsfjórðungum. Höfðingjar og öll alþýða höfðu þenna mann brott gervan, hver úr sínum landsfjórðungi, fyrir sakir ójafnaðar og vígaferlis. Öngan mann hafði hann fé bættan. Rannveig hét kona hans. Hún var heimsk og harðráð og það var kallað að Þorbjörn mundi hafa unnið nokkurum óhöppum færra ef hún hefði hann eigi fram æstan. Þorbjörn hafði nú keypt land það er að Sauðafelli heitir. Margir menn kvíddu mjög við komu hans, þeir er áður höfðu spurt til Þorbjarnar.

Skammt var á millum bæja þeirra Steins og Þorbjarnar og féll þar á ein í millum sú er skildi lönd þeirra. En er Þorbjörn hafði búið þar um stund þá tók fénaður hans að leggjast í land Steins því að hann átti margt ganganda fjár.

Eitthvert sinn kom Steinn að máli við Þorbjörn búa sinn og mælti: "Þanninn er farið að þú hefir búið í grennd við mig tvo vetur og hefir okkar verið í milli heldur vel en illa en þú ert kallaður maður ekki vinsæll af alþýðu. Hefi eg önga raun af þér haft né þinni eign allt hingað til. En nú leggst fé þitt í engjar mínar og beitast þær. Nú vil eg að þú látir skipast við mína umræðu og látir betur geyma fjárins en hér til hefir verið. Kann og vera, þar sem eg er engi skrökumaður, að til verði einhver að trúa mínum orðum þeir er þig deili málum. Má eg þá slíkt fram bera að eigi hefir þú mér sýnt ójafnað eða mitt með röngu ágirnst."

Þorbjörn kvað þann öngan verið hafa að jafnhógværlega og viturlega hefði við hann um talað, lést það ætla ef fleiri hefðu svo um talað það ábóta þætti vant, að hann mundi færri stökkivíg gert hafa: "Skal og að vísu batna við þína umræðu."

Eftir það skiljast þeir. Lætur Þorbjörn svo vel skipast við umræðu Steins að fé hans gerir honum aldrei mein.

## 2. kafli

Nú líða svo stundir þar til að Steinn tekur sótt. Hann lýsir yfir því að hann mundi eigi fleiri sóttir taka og kvað sér þessa mundu einhlíta til bana.

Hann mælti þá við Þorgerði konu sína: "Það vildi eg að þú seldir land þitt eftir dauða minn og færir vestur á Barðaströnd til Gests bróður þíns. Segir mér svo hugur um að Þorbjörn muni ekki rór í byggðinni við þig þó að vel haf fallið á með okkur. Varir mig að honum þyki nú dælla land þitt til beitingar en þá er eg var við."

Eftir það andast Steinn.

Nú nennir Þorgerður eigi að lóga landinu því að henni sýndist það fagurt og að flestu gott. Og er eigi liðu langar stundir versnaði fjárvarðveislan Þorbjarnar. Gengur nú fé hans í engjum Þorgerðar nótt með degi. Svo gerist að þessu mikill gangur að það bítur upp alla töðuna og var það tvo vetur að búfénu varð frá að lóga fyrir heyleysi. Þorgerður ræddi oft um við Þorbjörn að hann skyldi féið betur varðveita og stoðar það ekki. Nú leitast hún um ef nokkurir vilji land hennar kaupa en engi lést fús að sitja svo nær Þorbirni. Var því landið ekki selt.

Þess er við getið að sá maður var þar í héruðum er Barði hét, manna minnstur. Hann var kallaður Barði hinn litli. Allra manna var hann frástur og ekki hljóp hann minna en hinn besti hestur. Hann var skyggn og glöggþekkinn. Hann hafði fjárgeymslu á sumrum. Hann var tryggur og trúr um alla hluti. Þenna mann fann Þorgerður á vorþingi og spyr ef hann vilji ráðast til hennar fjár að gæta, lést honum mundu kaup fá svo honum hugnaði. Hún lýsti og því fyrir honum að hann mundi oftast þurfa og ekki minnur að geyma fjár Þorbjarnar við misgöngum, sagði honum ljúft og leitt hvað þar var til vanda garða á millum.

Barði svarar: "Ekki mundi eg heldur kjósa mig annarstaðar en með þér að vera, þanninn sem þú segir þar frá. Vex mér það ekki í augu að verja land þitt við beit annarra manna."

Fer nú Barði heim með Þorgerði og tekur til fjárgæslu. Hann gerir sér skála tvo, annan við fjall en annan á fitjum ár er þar fellur í millum húsa. Hann hefir þar náttból einart og varðar svo fé Þorbjarnar land Þorgerðar að það kemur aldrei yfir ána. Stendur hann á bakkanum og ver þaðan fénu. Aldrei gengur hann yfir ána.

### 3. kafli

Fé Þorgerðar nytjast nú vel en hin fyrri sumurin hafði það eyfit gert.

Rannveigu húsfreyju þótti verða sumarfang lítið með sér. Hún talar einn dag við Þorbjörn og spyr hvert fénu sé haldið. Hann sagði ganga um daga með ánni.

"Hvort gegnir það nokkru," sagði hún, "að sá maður sé með Þorgerði að fé voru banni haga er það hefir haft þessi sumur? Eru þér þó mislagðar hendur í kné Þorbjörn er þú hefir hlaupið í höfuð þeim mönnum er saklausir hafa með öllu verið en þú lætur þenna vitling ganga fram í slíkum ósóma að banna fé voru jörð þá er það vill hafa."

"Hver er sjá maður?" sagði Þorbjörn.

"Hann heitir Barði," segir Rannveig, "og er manna minnstur og vesallegastur og liggur hann úti hverja nótt og varðar fé voru að koma yfir ána."

Eftir það tekur Þorbjörn hest sinn og ríður yfir ána og þar kemur hann sem Barði var við skála.

Þorbjörn mælti þá: "Er það satt að þú varðar fé voru haga þessa og berð það svo það þorir ekki að bíta í nánd ánni? Höfum vér að svo gervu öngar nytjar fjárins."

Barði svarar: "Ekki er það logið að eg læt aldrei þitt fé koma í vora landeign en það er ekki satt að eg berji fé þitt eða varði því sjálfs þíns land. Ætla eg yður nú hafa munu ekki minna sumarfang en hin fyrri sumur. Hafið þér nú og betur að komist."

Þorbjörn mælti: "Líklegri þykir mér þú til óheimilt að hafa en eg, er þú mátt kallast útilegumaður, ef illar verða heimtur í haust. Nú vil eg að þú kveðjist þessa verks ella mun þér ekki hlýða."

Barði svarar: "Svo hefi eg oftast fjárgæslur tekið að eg hefi haldið vist minni og svo hefir enn verið."

Þorbjörn höggur þá Barða banahögg og dregur hann síðan inn í skálann og ríður síðan heim og sagði hvað í hafði gerst. Rannveigu þótti þá vel um ráðið og lét þegar reka féið í land Þorgerðar. Gengur féið heim í túnið og brýtur ofan sætið hennar og gerir margt illt. Hún kemur út og sér nautin standa um allan garðinn. Þóttist hún vita að illu mundi gegna, sendir til að reka í burt fénaðinn, og finna Barða veginn í skálanum, sögðu nú Þorgerði þessi tíðindi. Hún gengur þá inn í eldaskála og sér Ref son sinn.

Hún mælti þá: "Ávallt hrýs mér hugur við er eg sé þig, frændaskömm þína, fyrir mínum augum og hve mikill ógæfumaður eg var þá er eg ól þinn óvita. Væri þar betri dóttir. Mætti eg þá gefa hana þeim manni er oss væri nokkuð traust að. En þótt landeign vor sé beitt upp eða taða niður brotin eða menn drepnir þá liggur lydda þín og lætur sem vér eigum ekki að annast."

Refur rís þá upp og mælti: "Harðar munu að heyra þínar fleiri átölur móðir er slíkar eru hinar fyrstu."

Hann tekur ofan höggspjót mikið. Steinn hafði verið vopnamaður mikill. Refur gengur nú úr garði og fer á þá leið að hann skýtur spjótinu fyrir sig og hleypur þar eftir. Húskarlar Þorbjarnar voru á verki og sjá fór Refs og kenna manninn og gera að gys mikinn. Refur stefnir heim á bæ Þorbjarnar og er hann kemur fyrir dyr sér hann ekki úti manna. Hann heyrði að konur voru í stofu og töluðu um hvort Þorbjörn mundi vaknaður. Þorbjörn hafði lagst niður að sofa. Refur brýtur neðan af spjóti sínu, gengur inn síðan snúðigt og eftir skálagólfinu. Þorbjörn heyrði til mannsins og spurði hver þar færi.

Refur svarar: "Eg fer hér nú."

"Þú hver?" kvað Þorbjörn."

"Maður af öðrum bæ," segir Refur.

"Nafn muntu þó eiga," sagði Þorbjörn.

"Eg heiti Refur."

Og í því snakar Refur í lokrekkjugólfið.

Þorbjörn hafði kastað af sér klæðunum og mælti: "Allmjög förlast mér nú er eg kenni þig ekki. Kom þú heill og vel Refur eða hvert er erindi þitt hingað?"

Refur mælti: "Mjög er það komið undir þér hvert það skal vera."

"Hverninn er það?" segir Þorbjörn.

Refur svarar: "Eg er kominn til þess að beiða bóta fyrir víg Barða húskarls míns. Mun eg vera að lítilþægur og hafa það er þér er minnst fyrir að láta en mér þó sæmd við að taka. Er mér það sæmd að þú virðir þess orð mín þar þú hefir óríkan mann drepið."

Þorbjörn klæðist nú skjótt og mælti: "Vel er slíks leitað og má vera að eg bæti nokkuru eða hitt ekki síður að hvorki bæti eg þenna né neinn annan."

Refur mælti: "Hitt er sæmilegra að þú látir fyrir verða nokkuð."

Þorbjörn mælti: "Alls þú mælir svo vel til þá skal fyrir verða nokkuð."

Hann var nú klæddur, þreifar nú niður með rekkjustokkinum og þrífur þar upp hníf einn, mikinn einjárnung, og með brýni.

Þorbjörn tók þá sverð í hönd sér og rétti þá hnífinn og brýnið að Ref og mælti: "Deigan skal deigum bjóða."

Í því leggur Refur spjótinu á Þorbjörn miðjan. Féll Þorbjörn á bak aftur og gat ekki brugðið sverðinu. Var það og friðbent enda bar bráðum að. Refur lauk þá aftur hurðina á lokrekkjunni og snýr síðan til útityra. Í því var lokið stofuhurðinni. Mikill viðarköstur stóð fyrir karldyrum af rekrtrjám. Það ráð tók Refur að hann hljóp í viðköstinn því að hann vissi að húskarlar Þorbjarnar voru á leiðinni og þegar mundi vart við verða ef hann færi heimleiðis. Konur höfðu heyrt mannamálið og forvitnuðust til. Sáú þær þá renna blóð eftir gólfinu. Kölluðu þær þá á húskarla og er þeir komu til sjá þeir Þorbjörn veginn. Þeir leita Refs og finna hann eigi. Engi þóttist hann séð hafa heim ganga. Um kveldið var hætt leitinni.

Gekk Refur þá úr kestinum og heim. Hann vekur móður sína og bað hana út ganga. Hún gerði svo. Og er þau komu út spurði hún hvort Þorbjörn hefði nokkuru bætt víg Barða.

Refur kvað:

Mér bauð mætan fúrar  
máskeiðs í dag breiðan,  
trautt var það tækt í sættir,  
týnir hníf og brýni.  
Orms mærar hefi eg órum  
unda naðri úr mundum  
hjarta stíg á hneigi  
hann og vegið kannað.

"Seg þú manna heilastur," sagði hún. "Tak þú nú hesta tvo hér hjá garði og haf hingað til mín."

Var þar lagður á söðull á annan en annar var búinn með töskur. Voru þar í gripir góðir. Refur tók þá og góð klæði. Þótti hann þá hinn víglegasti maður.

Þorgerður mælti þá: "Maður heitir Grímur er þar býr skammt fram í dalinn á landi okkru. Hann skal vera leiðtogi þinn. En eg sendi þig vestur á Barðaströnd til Gests bróður míns. Vil eg að þú sért þar til þess er sæst er á víg þetta."

## 4. kafli

Refur fer nú leið sína og léttir eigi fyrir en hann kemur í Haga. Fékk Refur þar góðar viðtökur. Og er þeir frændur tókust orðum spyr Gestur ef hann segði nokkur tíðindi. Refur lést engi segja.

"Veistu þó nokkur?" sagði Gestur.

Refur kvað það eigi örvænt og segir nú slík sem hann hafði um að vera. Gestur sagðist að vísu skyldu halda hann og spurði ef hann væri nokkur íþróttamaður. Refur kvað það fjarri fara.

Gestur mælti: "Eg sé á þér að þú ert hinn mesti íþróttamaður að nokkurum hlut en það mun eg sjá brátt hvað það er."

Refur dvelst þar nú um hríð.

Eitt sinn kemur Gestur að máli við Ref og mælti: "Nú veit eg íþrótt þína. Þú ert þjóðsmiður ef þú vilt. Eg hefi að hugað er þú hefir upp tekið reimumarkefli og hefir þú það hvorki telgt vint né skakkt og eigi óslétt. Og það hefir fimlegast verið sem þú hefir við leitað."

"Vera má það," segir Refur, "því að eg hefi aldrei smíðað."

Gestur segir: "Eg vil reyna það. Vil eg að þú gerir mér selabát."

Refur mælti: "Fá þú mér svo efni til og smíðartól að það sé allt meir en nógt því að það er margra manna háttur að þeir kenna því um, ef eigi verður vel, að latlega sé til fengið. Eg vil og að engi maður forvitnist þessa smíð því að það er mælt, ef vel verður, að sá nokkur muni til hafa komið er mér muni kennt hafa."

Gestur lætur nú búa hróf eitt mikið og draga þangað við mikla. Knörr einn hafði brotið á fjörum Gest. Hafði hann keypt upp skipviðuna. Þessa alla við lætur Gestur færa til hrófs Refs og svo sauminn allan. Gestur átti og járn ósmíðað og lést Refur það vildu til sín taka, kveðst sjálfur vildu saum slá. Smíðartól á alla vega lét Gestur þangað bera, svo afl og kol.

Þá mælti Gestur: "Nú hefi eg svo alla hluti látið bera til hrófs þíns að eigi mun fleiri þurfa þótt þar væri smíðaður byrðingur sá er vel mætti fara á til annarra landa."

Refur kvað hann ekki meira mega að gera hvern veg sem til tækist.

Nú tekur Refur til smíðar. Hann rís upp snemma en kemur síð heim. Þessu fer fram þrjá mánuði.

Það var einn morgun að Gestur sendi trúnaðarmann sinn til hrófsins, bað hann vita hvað líður um selabátinn, kvað þess von að hann mundi ger þótt hann kynni alllítið að. Sá fór er sendur var og kom þar svo að Refur varð ekki við var og hyggur að smíðinni vandlega.

Fer hann heim og segir Gestu að eigi mun oft sénn slíkur selabátur "því að komið munu hafa út hingað til Íslands ekki stærri skip."

Gestur bað hann ekki til leggja.

Liðu nú svo fram tveir mánuðir.

## 5. kafli

Það var einn morgun að Gestur var á fætur kominn að hann sér að Refur liggur í hvílu sinni.

Gestur tekur á honum og mælti: "Lengi sefur þú nú frændi. Er nú ger selabáturinn?"

"Kalla má nú, segir Refur, "að borinn sé borði og ekki mun eg nú að gera meira fyrr en þú sérð."

"Við skulum þá ganga til í dag," segir Gestur, "og sjá smíði þetta."

Gestur gengur nú til hrófsins við fá menn því að hann vildi eigi að alþýða vissi ef ófímlegt væri. Og er hann kom þar stóð þar byrðingur einn vel haffærandi. Gestur hyggur vandlega að þessu skipi og þykir mikils um vert hagleik hans þar sem hann hafði eigi fyrr skip gert og þakkar honum nú smíðina: "Vil eg því nú launa þér að eg vil þetta skip þér gefa."

Refur kveðst gjarna þiggja vildu.

Spyrst þetta nú víða að Refur Steinsson hafði gert byrðing haffærandi. Þóttu það vera hér fáheyrð tíðindi því að hann var kallaður af mörgum mannvitull. Sá atburður hafði orðið að með föður hans hafði verið á vist norrænn maður og son hans. Voru þeir jafngamlir, Austmannsson og Refur. Austmannsson hafði sér að leiku skip það er verið hafði í Noregi sem líkast haffæröndum byrðingum. En áður Austmannsson færi á brott gaf hann Ref skip þetta og það hafði Refur haft til skemmtanar sér í eldaskálanum að smíða þar eftir.

Nú líður af veturinn og takast upp leikar.

Maður er nefndur Gellir. Hann var farmaður mikill, var annan vetur í Noregi en annan hér, hávaðamaður mikill og hélt mjög til gleði. Móðir hans bjó skammt burt þaðan, þar sem hét í Hlíð. Hún hét Sigríður, auðig mjög. Bóndi hennar var andaður og því var Gellir kallaður Sigríðarson. Gellir gekk mjög að leikum og var hann knástur af þeim sem að voru.

Það var einn dag að Gellir fór til leiks við nokkura menn í Haga. Gellir spurði ef Refur vildi fara með honum. Refur kvað sér ekki henta leika og kveðst eigi mundu fara. Gellir spurði þá ef Refur vildi leysast af og glíma við hann. Refur kveðst eigi mundu það gera.

Gellir hleypur þá af baki og ræður á Ref og mælti: "Heyr endemi að þú segist eigi glíma ef eg vildi. Skaltu nú glíma nauðigur þóttú viljir eigi."

Hann leitar á marga vega að fella Ref og fær eigi felldan hann. Refur forðast meðan Gellir sækir sem mest. En er Gellir linar sókninni tekur Refur undir bróklindahaldið Gelli annarri hendi en annarri í milli herðanna og skýtur honum á klakann stund þá frá sér. Koma niður á Gelli olbogarnir og springur hvortveggi en enni hans bláanar. Hann spratt upp skjótt og hljóp á bak og tekur upp spjót og reiðir upp spjótshalann og lýstur til Refs. Kemur það á herðar honum og hrýtur af upp og kom í höfuðið. Varð honum ekki illt við. Gellir hleypir á braut og förunautar hans og hælask mjög. Kallast Gellir hafa lostið Ref tvö högg mikil og reiðir þetta víða og segir Ref eigi munu hefna. Refur lét sem hann vissi eigi. Gestur hafði eigi verið heima.

## 6. kafli

Eftir jól bræðir Refur skip sitt og býr það. Gestur fær til allan reiða. Þess er getið að Gellir átti heimanför og lá leið hans hjá hrófinu og lítur Gellir á skipið. Maður einn fór með honum. Refur heyrir að Gellir mun kominn vera, hleypur undan skipinu með smíðaröxi sína og að Gelli.

Refur mælti: "Nú skal eg gjalda þér tvö högg með einu."

Höggið tók af síðuna og þar öxin inn á hol. Féll Gellir þar dauður á jörð en förunautur hans reið á brott. Refur gekk heim og fundust þeir Gestur.

Hann mælti: "Giftusamlegur ertu nú frændi eða hvað er nú tíðinda?"

Refur kvað:

Roðin var randar gyðja,  
ráð knúðist dag þenna,  
fýrsveigi hjó eg frægan  
Flóðs, í Gellis blóði.  
Nú tel eg hefnt, en hrafni  
heitr fangaðist sveiti,  
getið verður slíks fyr snotrum  
seggjum, högg og tveggja.

"Manna heilastur," segir Gestur. "Það mundi eg kjörið hafa, þá eg heyrði það víðast borið að Gellir hefði lostið þig tvö högg, að slíkt hefðir þú að. Eða hvað er nú ráða þinna?"

Refur segir: "Eg ætla að halda skipi mínu til Grænlands."

Gestur mælti: "Nú kaust þú það sem eg vildi því að þér mun ekki vel fritt í Noregi þegar spyrst víg þetta. Nú mun eg afla þér háseta til skipsins og fá þér fjárhlut sem þú vilt hafa en við móðir þín munum síðan við skiptast sem okkur líkar."

Refur býr nú skip sitt og veljast til bóndasynir vaskir að fylgja honum. Leysir Gestur hann vel af höndum.

Og að skilnaði mælti Gestur við Ref: "Ef þér verður eigi útkomu auðið þá vil eg að þú látir skrifa frásögn um ferð þína því að hún mun nokkurum merkileg þykja því að eg hygg að þú sért annar spekingur mestur í vorri ætt. Mun og nokkuð gott af þér verða. Mæli eg nú og svo fyrir að sá hinn sami er sólina hefir skapað efli þig til góðra hluta."

Refur þakkar Gesti vel sín tillög.

Nú skiljast þeir og lætur Refur í haf. Þeim ferst vel þar til er þeir fá sýn af Grænlandi og síðan velkir þá lengi og hefur þá norður með landinu. Um síðir koma þeir á fjörð einn norðarlega í óbyggð. Jöklar ganga allt til suðurs í sjá út. Og með því að þeir voru hafvelktir þá voru þeir landfúsir. Þeir lögðust um akkeri.

Refur reri til lands og gekk hann upp á hið hæsta fjall að sjást um. Hann sá að fjörðurinn skarst langt í land inn er þeir voru á komnir og höfðar tveir gengu á víxl í firðinum. Fór hann þá aftur til skips síns. Um morguninn bað hann þá flytja inn skipið þar til er þryti fjörðinn og svo gerðu þeir. En er þeir komu að höfðunum þá sáu þeir að þar hófst upp fjörður mikill og langur. En er þeir komu að fjarðarbotni var þar góð höfn. Skógi var vaxið allt um hlíðir og grænar brekkur. Jöklar girtu þar um allt báðumegin. Þar var fjöldi dýra. Rekaviður lá þar um allar fjörur en veiðiskapur nógur. Ekki mátti þá til byggða halda. Þar gerðu þeir skála mikinn og bjuggust um vel. Þar voru þeir um veturinn. Þar smíðaði Refur ferju mikla og bjuggu hana um vorið til byggða en bjuggu þar eftir um kaupskipið.

Síðan sigldu þeir í byggðina og komu í einn víkbarm. Skammt þar upp frá stóð einn bær. Þar bjó sá maður er Björn hét. Hann var kvongaður og átti eina dóttur er Helga hét. Hún var væn og kæn og þótti sá kostur bestur í þeirri byggð. Refur selur ekki varning sinn og tekst á hendur smíð. Björn hittir Ref og spyr ef hann vill kaupast láta að húsa bæ sinn. Refur játar því og síðan kaupast þeir við. Tekur Refur nú að húsa bæinn og gerir skrautlegan. Sá bær heitir í Hlíð.



Öðrumegin ness þess er þar gekk fram stóð bær sá er í Vík heitir. Þar bjó sá maður er Þorgils hét og kallaður Víkarskalli. Hann var grályndur og kvittsamur og slægvitur. Mikill ódældarmaður var hann og þótti öllum illt við hann að eiga. Hann var hniginn á efra aldur og kvongaður. Þengill hét son hans hinn elsti, annar Ormur, þriðji Þorsteinn, fjórði Geir. Ólöf hét dóttir hans. Hún var gift þeim manni er Gunnar hét. Þengill hafði beðið Helgu og vildi hún eigi eiga hann.

Refur er nú með Birni og húsar bæ hans og þá biður hann Helgu. Björn tók því vel. Að ráði með honum var sá maður er Þormóður hét. Hann var fóstri Helgu. Hann fýsti mjög að þessi ráð tækjust og þar kom að Ref var heitið konunni og á kveðin brullaupsstefna. Síðan takast þessi ráð með þeim skildaga að Refur skal taka við búi í Hlíð og þau Helga en Björn vill vera búlaus á vist með þeim.

Um vorið eftir tekur Refur við búi og rakaði skjótt fé saman. Hann smíðaði til stór fjár. Helga var og skörungur mikill. En er þau höfðu skamma hríð ásamt verið fór Björn að deyja. Því næst var þeim barna auðið, Ref og Helgu. Þau áttu son er Steinn hét. Tveim vetrum síðar áttu þau annan er Björn hét. Þeir bræður voru hinir efnilegustu menn.

Refur bjó átta vetur á Grænlandi á sama bólstað. Á þeim vetri hafði hann skip í smíð, mikla ferju, en hrófið var út við nes það er fram gekk milli Víkur og Hlíðar. Hann gekk snemma til en síð frá. Hann læsti þar í hrófinu smíðaröxi sína um nætur en gekk slyppur heim.

## 7. kafli

Það var einn aftan er hann gekk svo búinn heim sem hann var vanur. Refur gat að líta fram á nesið hvar hvítabjörn var. Björninn skundar nú sinni ferð er hann sá einn mann. Refur þykist þá óvarlega farið hafa. Nýsnævi var á jörðu og auðsæ spor hvert sem rekja skyldi. Refur sá ekki efni sín á að ganga á mót birninum vopnlaus. Snýr hann nú aftur til hrófsins og tók öxina, læsir síðan hrófinu, snýr nú þangað sem björninn hafði verið og var hann þá dauður. Höfðu þeir bræður synir Þorgils sigrað björninn er þeir höfðu gengið frá róðri. Refur gekk þá heim.

Þar er nú til máls að taka að þeir Þorgilssynir koma heim. Faðir þeirra spurði hvað þeir hefðu fískt. Þeir létust ekki fískt hafa "en veitt höfum vér hvítabjörn einn."

Þorgils mælti: "Mikið er um uppheldi yðvart er þér veitið búi voru og munu fáir svo fyrir vinna."

Þengill mælti: "Búið var við að vér mundum lítið fá af veiðiskap þessum ef ekki hefði Refur hinn ragi sýnt sinn drengskap. Hygg eg það að aldrei hafi dáðlausara höfuð komið til Grænlands en hann ber því að mannsþor liggja frá hrófinu og hafði horfið aftur og var hland drifið í sporunum."

Þengill mælti þá við Ref mörgum áþéttisorðum. Þorgils faðir hans þagði. Þengill spurði því hann þegði "eða veistu ekki faðir hver Refur hinn ragi er?"

Þorgils mælti: "Um slíkt er illt að ræða og ávallt mætti Grænland rauða kinn bera er það heyrði Refs getið því að eg sá þegar hann var hingað nýkominn að öfluð hafði verið áður Grænlandi hin mesta skömm. Því hefi eg fátt við hann átt að þá er eg var á Íslandi var hann ekki í æði sem aðrir karlar heldur var hann kona hina níundu hverju nótt og þurfti þá karlmanns og var hann því kallaður Refur hinn ragi og gengu ávallt sögur af hans fádæmum endemlegar. Nú vildi eg því að þér ættuð ekki við hann."

Nú skilja þeir sitt tal. Er nú farið eftir bjarnarslátrinu. En hvar sem þeir Þorgilssynir komu þá bera þeir upp þetta illmæli og kveikja það í öllu að Refur hafi fyrir regi sakir ger verið af Íslandi og verið í burt keyptur nokkuru fé. Þeir færðu þetta hróp á vöxtu og svo fer þetta í fjölmæli að Refur verður þessa áheyrsla. Ekki lætur hann sem hann viti. En skip það sem hann hefir í smíð býr hann að öllu sem best.

Hann lætur slástrast mjög um haustið en sumt fé sitt selur hann til grænlenks varnings. Refur hefir haustboð mikið og býður til sín vinum sínum en í hljóði seldi hann land sitt við lausafé. Hann skilur og það til að hann skal þá á misserum land laust láta og gera hinum orð um. Hann hefir með sér margt röskra manna, ekki færri en tólf. Refur var orðinn stórauðigur. Þetta var að tvímánuði.

## 8. kafli

Það var einn dag að Þormóður kom að máli við Ref og mælti svo: "Illan orðróm hefir nær alþýða manns um þig og eru að því upphafsmenn Þorgils og synir hans. En þá er eg fýsti að ráð tækjust með ykkur Helgu hugðumst vér gifta hana dugandi dreng og svo ætla eg þig. En of mjög þykir mér þú sanna vondra manna orð er þú lætur þá um kyrrt sitja. Nú bið eg þig að þú látir þá kenna á sjálfum sér fyrir sín illyrði."

Refur svarar: "Fyrr skyldi maður hafa hugað ráð nokkuð fyrir sjálfum sér en rata í stórræði eða eggja aðra til."

Nú skilja þeir sitt tal og sest Refur nú til smíðar og gerir eitt fádæma mikið spjót. Með því mátti bæði högga og leggja. Hann skeftir það lágu skafti og vefur allt járni. Því næst hvetur hann það svo það stóð á kampi.

Þessu næst að áliðnum degi gengur Refur heiman einn saman. Hann hefir spjót eitt vopna. Hann gengur í Vík. Hann kom þar síð dags. Þorgils var að soðningu í eldahúsi. Refur snýr þangað. Þorgils spurði hver þar færi. Refur segir til sín.

Þorgils mælti: "Mjög leggur reyk í augu mér er eg kenni þig ekki og kom þú heill og vel."

Refur svarar: "Það vil eg þiggja."

Þorgils mælti: "Hvað er að erindum?"

Refur svarar: "Eg er kominn að beiða bóta fyrir illmæli það er þér hafið til mín haft."

Þorgils mælti: "Nær höfum vér illa til þín talað eða hvert er það mál er þú kennir oss?"

Refur sagði þá fram orðin.

Þorgils mælti þá: "Ekki dyl eg þess að vér mælum margt í gamni en þó mun þetta ekki logið því að eg ætla hér hvert orð satt í vera."

Refur höggur þá til hans með spjótinu og klýfur hann í herðar niður. Síðan kippir hann í brott spjótinu og gengur þá ofan til strandar og sest í naust þeirra bræðra, Þorgilssona. Niðamyrkur gerði á mikið. Því næst heyrir hann áraglamm. Og er þeir bræður koma að landi hleypur Þengill fyrir borð, gengur upp og vill sækja hlunna í naustið. Og er hann kom þar hjó Refur höfuð af honum. Þorsteinn hljóp þá utanborðs og veit ekki til þessa því að svo var myrkt að ekki sá til naustsins. Þorsteinn tekur árar og ber upp. Og er hann kom að naustdyrunum leggur Refur spjótinu í gegnum hann.

Þorsteinn kallar í því og mælti: "Forðið ykkur sveinar. Þengill bróðir ykkar er drepinn en eg er lagður í gegnum."

Ormur greip árar úr öðru skipi og hratt út með skipinu. Reru þeir á brott og þangað um nesið sem hróf Refs stóð, lögðu þar að landi og ætluðu Ref ekki mundu þangað leita þeirra. En er þeir höfðu upp brýnt skipinu þá kom Refur þar og drap þá báða.

Eftir það gekk Refur heim og heitir á menn sína að til skips skyldi flytja bæði vistir og fjárhlut. Refur lætur nú verða hlaðna ferjuna. Stenst þá á endum að þá er ljós dagur um morguninn, er þá og á skip kominn allur sá fjárhlutur er Refur vildi með sér hafa. Hann velur þá gjafir þeim hinum ungunum mönnum er með honum höfðu verið og það þá vera til reiðu sér að fylgja er hann léti vitja þeirra, nær sem það væri. Þeir játa því gjarna. Refur sendir þá orð með þeim að þeir tækju þá landið er keypt höfðu.

Refur gengur þá á ferjuna og kona hans og synir hans. Steinn var þá níu vetra en Björn sjö vetra. Þormóður hét hinn þriðji og var sá þrevetur. Þormóður fóstri Helgu skyldi og fara. Kom vindur af landi og undu þeir Refur segl upp, létu svo ganga um daginn til hafs.

Eru þau nú fyrst úr sögunni.

## 9. kafli

Þar er nú fyrst til að taka er heimamenn styrma yfir Þorgílsi er hann er veginn. Og um kveldið er farið til strandar og fundust þeir þar vegnir, Þengill og Þorsteinn, en hina tvo fundu þeir vegna um morguninn. Þessi tíðindi spyrjast nú víða og harma fáir Þorgíls né sonu hans. En mikið þykir verkið orðið hafa eins manns og á einu aftankveldi og þykir Refur óslælega rekið hafa illmælið.

Gunnar mágur Þorgíls spyr nú þessi tíðindi og lætur hann setja vörðu á hvert annes um byggðir báðar ef Ref kynni nokkur að að bera um haustið. En eignir mátti ekki upp taka er allar voru seldar. Gunnar var fyrir mönnum í Vestribyggð. Hvergi spyrst til Refs. Um vorið sendir Gunnar menn norður í óbyggðir að leita Refs og finnst hann ekki og engi maður spyr til hans. Gunnar leggur nú á það hug að Refur muni látist hafa er hann hafði á skip gengið með sex einum mönnum og þó öllum óknálegum. Nú líða svo fjórir vetur og spyrst hvergi til Refs og leggst nú niður þessi umgröftur um Ref. Þykjast menn nú vita að hann mun týnst hafa eða rekið skip hans til óbyggða.

Munum vér hér fyrst hverfa frá.

## 10. kafli

Og meðan saga sjá hefir gengið og uppfæðsla Refs höfðu orðið mörg höfðingjaskipti í Noregi. Var nú kominn til ríkis Haraldur konungur Sigurðarson.

Með hirð konungs var sá maður er Bárður hét. Hann var konungi handgenginn. Hann var á sumrum í kaupferðum til ýmissa landa, Íslands eða Vesturlanda, og fór hann nú þetta sumar er nú segjum vér frá. Býr hann skip sitt og ætlar út til Íslands. Konungur lætur kalla Bárð til sín og spyr hvert hann ætlar halda skipi sínu.

"Til Íslands," segir Bárður.

Konungur mælti: "Eg vil að þú farir öðruvísi. Skaltu nú sigla út til Grænlands og flyt til vor tönn og svörð."

Bárður segir að konungur skyldi ráða.

Eftir það sigldi Bárður á haf og tókst honum hið greiðasta. Kom hann við Grænland og fór til vistar um veturinn með Gunnari. Og er hann hafði þar verið um hríð þá vekur Bárður til við Gunnar og spyr hvað satt væri í því er hann heyrði sagt að einn íslenskur maður hefði vegið fimm feðga á einu kveldi og hefnt svo þess illmælis er þeir höfðu kveikt um hann. Gunnar lét haft til þessa nokkuð. Bárður

spurði hvað af þessum manni er orðið.

"Það hyggjum vér," sagði Gunnar, "að hann hafi týnst í hafi því að hann varð svo hræddur að hann lét í haf við setta mann við vetur sjálfan."

Bárður spyr hvað til hafi orðið með þeim. Gunnar segir nú af slíkt er hann veit.

Bárður mælti: "Allmjög undrast eg ef sá maður er sokkinn niður og hefir þetta allmjög verið öll hans gæfa er hann komst úr höndum yður. Og þykir mér hún vonum bráðara við hann hafa skilist. Eða hafið þér leitað í óbyggðir?"

Gunnar kvað leitað hafa verið alls staðar þar sem von þætti að menn mættu vera og þó víðara.

Bárður mælti: "Hversu mundi hann fara á haf í mót vetri við fá menn á einni ferju? Ætla eg þér betra þykja að segja slíkt er ekki verður hefnt Þorgils eða sona hans. Vil eg nú í vor snemma að þú látir búa okkur skip og förum í óbyggðir og ætla eg það víst ef eg finn hann ekki að sannlega sé hann týndur."

Gunnar kvað svo vera skyldu. Líður nú af veturinn. Og þegar ísa leysti bjó Gunnar ferð sína. Þeir höfðu ferju og á sjö menn. Þeir halda nú í óbyggðir og leita í hvern leynivog og finna ekki það að þeim þyki sem mannavistir muni verið hafa. Bárður var manna skyggjastur.

Þeir koma aftan dags á einn fjörð mikinn og krækti ýmsa vega í landið. Og þar kom að hann bytndi. Þeir lögðu skipi sínu um nóttina í vík eina. Bárður rær til lands á báti. Hann gekk upp á höfða þann er var við fjarðarmynnið og litast um. Þá var ljós nótt. Vindgul lítið lá utan eftir firðinum. Hann sá hvar þangflota rak utan eftir og að botninum. Þá hvarf hann allur. Þetta undrar Bárður mjög og gekk hann allt á framanverðan höfðann. Hann sá hvar annar fjörður hófst upp mikill og langur og þar sá hann dal ganga upp að fjöllum fagran og mikinn. Hann gengur nú aftur til skipsins og leggst niður.

Um morguninn spyr Bárður hvort þeir hafi kannað fjörð þann allan. Gunnar kvað það vera. Bárður kveðst fara vildu þar til er hann þryti með öllu. Og svo gera þeir, koma nú þar er höfðarnir gengu á víxl. Þar skerst inn sund á millum. Það var allmjótt en djúpt var það mjög. Þá laukst upp fjörðurinn í öðru sinni og var sá fjörður mjög langur. Þeir komu þá í eina vík um kveldið síðla. Ekki nenntu menn þá að kanna landið og lögðust menn niður allir nema Bárður. Hann skaut báti til lands og gekk einn saman með sjánum og kom þar, að spónahrúga mikil var. Hann tekur upp spónu nokkura og hefir með sér, fer síðan aftur til skips þeirra.

En um morguninn sýnir Bárður Gunnari spónuna og mælti: "Aldrei á ævi minni sá eg spónu jafnhaglega telgda. Eða var Refur nokkuð hagar?"

Gunnar svarar: "Hann var hinn mesti þjóðsmiður."

Bárður segir: "Það mundi eg ætla að svo mundum vér eftir Ref eiga að leita sem hann væri lífs."

Og nú ganga þeir frá skipi nokkurir menn. Þeir geta brátt að líta hvar virki stóð nær á framanverðum sævarbakknum. Þeir gengu þangað til og umhverfis og hyggja að því vandlega og þykjast ekki séð hafa jafnfagurt smíði. Það var mikið og rammgert, óbrætt og með fjórum hornum. Hvergi sjá þeir á því fellingar. Var það að sjá sem ein fjöl.

En er þeir hugðu þar að kemur maður fram á virkið. Sá var mikill vexti. Hann heilsar Gunnari og hann tók kveðju hans. Kenna þeir að þar var Refur. Hann spyr hvert þeir ætluðu að fara.

Bárður svarar: "Ekki lengra fram á veg."

Refur spyr að tíðindum. Bárður lést honum engi segja mundu. Refur sagði þá og ekki fregna skyldu meir en fallið þætti.

Bárður bað þá draga við að virkinu. En er umhverfum var kominn viðurinn slá þeir í eldi. Kyndist þá skjótt viðurinn. Og því næst sjá þeir að eldurinn slokknar. Þeir draga að við af nýju í annað sinn að virkinu. Þeir sáu þá að vatnfall mikið fór af virkinu og slokknar allur eldurinn. Þeir leita umhverfum virkið og finna hvergi vatn. Þeir báru þá að eldinn uppi að virkinu og kom þar ekki síður vatn úr fellingum en niðri.

Refur gekk fram á virkið og mælti: "Sækist seint virkið?" segir hann.

Bárður mælti: "Vel máttu því hælast um fjölkynngi þína að vér munum hér frá hverfa að sinni. En eg heit þér því, ef þú þorir að bíða hér annars vors, að við Gunnar skulum yfir þínum höfuðsvörðum standa."

Refur mælti: "Ekki þér né Grænlandingum verður þess auðið að standa yfir mér dauðum þótt eg sé hér jafnmarga vetur aðra nema þér njótið yður vitrari manna við."

## 11. kafli

Eftir það snúa þeir Bárður og Gunnar til skips síns með sínum mönnum og halda til byggða. Komu þeir um haustið í Vestribyggð og er Bárður með Gunnari annan vetur.

Eftir um sumarið bjó Bárður skip sitt til Noregs og gefur Gunnar honum gjafir. Gunnar sendir Haraldi konungi þrjá gripur. Það var hvítabjörn fulltíði og vandur ágæta vel. Annar gripur var tanntafl og gert með miklum hagleik. Þriðji gripur var rostungshaus með öllum tönnum sínum. Hann var grafinn allur og víða rennt í gulli. Tennurnar voru fastar í hausinum. Var það allt hin mesta gersemi.

## 12. kafli

Bárður lætur nú í haf og ferst vel. Kom hann í þær stöðvar sem hann mundi kjósa. Hann færði Haraldi konungi margan grænlskan varning ágætan.

Fer Bárður fyrir konung einn dag og mælti: "Hér er eitt tafl herra er yður sendi hinn göfgasti maður af Grænlandi er Gunnar heitir og vill ekki fé fyrir hafa heldur vinfengi yðart. Var eg með honum tvo vetur og varð mér hann góður drengur. Vill hann gjarna vera vin yðar."

Það var bæði hneftafl og skáktafl.

Konungur leit á um hríð og bað þann hafa þökk fyrir er slíkt sendi: "Skulum vér víst vináttu vora á móti leggja."

Eigi leið langt áður Bárður lét leiða inn í höllina hvítabjörn fyrir konung. Hirðinni fannst mikið um dýrið.

Bárður mælti: "Herra," segir hann, "þetta dýr sendi yður Gunnar af Grænlandi."

Konungur mælti: "Mikið er um gjafir þessa manns við mig eða hvað vildi hann af oss fyrir slíkt hafa?"

"Auðvitað er það herra, vinfengi yðart og viturleg ráð."

"Hví mun það ekki maklegt?" segir konungur.

Og er á líður veturinn var það einn dag að Bárður bað konung ganga í málstofu sína. Hann gerði svo.

Og er þeir komu þar ber Bárður fram hausinn fyrir konung með öllum blóma sínum og mælti: "Hinn göfgasti maður, Gunnar á Grænlandi, sendi yður þessar gersemar."

Konungur hyggur að hausinum vandlega og lést honum sú sending þykja ágæt og bað hann varðveita.

Konungur mælti þá: "Seg nú Bárður hvað býr undir sendingum þessum og veit eg nú að fleira mun undir búa en vináttumál ein saman."

Bárður mælti: "Svo er sem eg sagði yður herra. Hann vill hafa vinfengi yðart og viturlegt ráð til þess að vinna einn ref þann er þeim Grænendingum hefir unnið mikinn skaða."

Konungur spyr hvað refi það væri.

Bárður svarar: "Það er maður íslenskur og drap fimm feðga á einu kveldi, hefir síðan siglt í óbyggðir við séttá mann og gert þar virki úr stórtjám. En vér fundum hann og bárum eld að virkinu en alls staðar hljóp út vatn um virkið og slokkaði eldurinn. Ekki hljóp síður út vatnið uppi úr virkinu en niðri og þar á milli. En vér fundum engi vötn."

Konungur mælti: "Mun þetta sá Refur er kaupskipið gerði á Íslandi og hafði aldrei áður kaupskip séð og á því skipi fór hann til Grænlands og er hann hafði búið þar nokkura vetur var kveikt um hann illmæli mikið og hefndi hann þess svo rösklega að hann einn vó þá fimm á einu kveldi?"

Bárður svarar: "Um einn munum við ræða báðir."

Konungur spyr hversu þar væri landslegi háttað. Bárður segir það innilega.

"Slíkt eru þó menn," sagði konungur.

Bárður mælti: "Svo sagði hann að skilnaði vorum að engi mundi þaðan geta hann brott flæmdan."

"Vera má það," sagði konungur. "Kann vera að hann hafi og öðruvíis um talað. En það vil eg þér ráða," sagði konungur, "að þú farir ekki þangað oftast því að ekki kemst þú á brott ef þú ferð oftast."

Bárður svarar: "Eg hefi svo heitið Gunnari að það má eg ekki rjúfa."

Nú skilja þeir sitt tal og líður veturinn.

## 13. kafli

Og um vorið býr Bárður skip sitt og er það var búið gekk hann á konungs fund og mælti: "Herra," sagði hann, "hafið þér nokkuð hugsað nauðsyn Gunnars?"

Konungur mælti: "Hugsað hefi eg nauðsyn þína, að þú farir ekki til Grænlands því að óskyld er þér að gremjast þeim manni sem þú átt ekki illt að launa. Varir mig að þér reifi illu ef þú ferð."

Bárður svarar: "Að öðru munuð þér sannspárrí herra."

Konungur mælti: "Hitt ætla eg ef þetta rýfst að eg muni að fá sannspár. En ef þú vilt víst fara þá mun eg nokkur ráð til leggja með yður ef ykkur Gunnari þykir mikið undir."

"Ekki ræði eg um það," segir Bárður.

"Þess get eg þá," sagði konungur, "að í þeim litla dal er þar gengur upp að jöklunum muni vatn vera. Mun Refur hafa veitt vatnið og mun hann hafa felldan stökk í stökk þar til að vatnið kemur að virkishorninu neðsta. Þar ætla eg gerva tvo stokka og mun úr einum renna í hina báða stökkana og fylla svo hvorntveggja hlut virkisins. En virkið allt mun gert stökkum holum og mun hver stökkur lúta eftir öðrum og hver mun upp frá öðrum og mun svo fylla virkið uppi og niðri af vatninu. Á þá leið hygg eg þar umbúð veitta. En þar sem yður þótti ekki verða mót á viðinum er vatn féll út alls staðar umhverfis virkið, þar hygg eg hann munu borað hafa langar borur svo mjóvar að ekki mátti koma nema því tré er þynnst verður telgt og ætla eg hann þau tré hafa sett alls staðar í virkisstökkana. En í þeim bleðgum ætla eg vera skaup og mun hann þeim þá munað hafa lítt að er hann vildi að vatnið rynni úr virkinu. Alla þessa bleðga mun hann sett hafa af smíði og mun eins konar tré verið hafa í bleðgunum og í stökkunum. Nú er það mitt ráð við Gunnar að þér farið norður í vor á tveim skipum, tólf á hvoru. Aðrir tólf skulu skurð grafa fyrir norðan virkið jafnlangan, stundar nær svo djúpan að taki manni undir hendur, og munu þeir finna umbúð lækjarins. Og ef svo er þá stemmi þeir lækinn að hann beri ekki vatnið í virkið. En aðrir tólf beri við að virkinu. Síðan þætti mér von að þér megið brenna virkið fyrir vatns sökum. Nú hefi eg til lagt þau ráð að eg heit því Gunnari að annaðhvort mun vera, að Refur mun flýja virkið og Grænland eða mun Gunnar fá handtekið hann. En ósýnt mundi mér þykja hverninn sá maður mundi á brott komast er svo væri við kominn nema hann hafi mikinn viturleik sér í brjósti. En ekki vildi eg að þú færir sjálfur Bárður því að eg veit ei hvað þú sækir að Ref."

Bárður segir ekki mega öðruvís vera og þakkar konungi nú sín tillög og lætur síðan úr landfestum.

## 14. kafli

Nú er þar til máls að taka að Refur situr í óbyggðum. Synir hans gerast hinir gildustu menn. Þetta sama vor sendir Refur þá suður til byggðar til móts við þá menn er heitið höfðu Ref liðveislu sinni eftir því sem fyrr segir. Þeir bræður fóru leynilega og fékk Gunnar önga njósn af ferð þeirra. Og þegar þeir vissu orðsendingar Refs þá urðu þeir vel við og fara þegar til móts við hann. Refur fór þá til og lét fram setja skipið það sem hann hafði haft af Íslandi. Hafði það haldið hrófi og bráði svo að það var þétt sem bytta. Refur lét þá ferma skipið af grænenskum varningi, svörð og tönn og skinnavöru. Og þegar skipið var búið halda þeir því norður í þann fjörð er þar er næstur og lögðu þar skipinu í einn leynivog. Þar var á Helga kona hans og Þormóður fóstri hennar og Þormóður son þeirra og þeir tólf menn er úr byggð komu. Refur sagði þá feðga enn skyldu byggja virkið um stund.

Frá ferð Bárðar er það að segja að honum ferst einkar vel. Tók hann Grænland þar sem hann mundi kjósa. Gunnar tók feginsamlega við Bárði. Setja þeir þegar til menn að sjá fyrir varnaði Bárðar. En þeir fóru þegar í óbyggðir með jafnmörgum mönnum sem konungur hafði á kveðið. Þeim er þar nú kunnigt og rata þeir skjótt þann fjörð er virki Refs stóð í. Gunnar lendir skipi sínu í utanverðan fjörðinn því að það var þungt undir árum og hlaðið af vist þeirra. Þótti þeim léttara að ganga inn í fjörðinn. Þeir Bárður reru inn mjög allt að virkinu. Komu þeir Gunnar nú og þar. Þeir ganga allir upp að virkinu. Var þar öngum hlut breytt svo að þeir mættu sjá nema grafinn var skurður jafnsítt virkinu það er að sjó horfði. Skurðurinn tók á framanverðan sævarbakkann. Þar var aðdjúpt mjög og ekki útfiri. Þessi skurður var ekki djúpari en tók manni í bróklinda.

Í því kemur maður gangandi á virkið. Þenna mann kenna þeir. Var þar Refur. Hann heilsar þeim og spyr tíðinda.

Bárður kveðst honum engi mundu segja "önnur en þú stendur þar feigum fótum á virkinu. Eru það," sagði hann, "lítil tíðindi."

Bárður fer þegar til og lætur skurð grafa og því næst finna þeir þar stokka og eru vafðir næfrum. Þeir högga nú upp stokkana og hleypur þar úr vatn mikið. Þeir Gunnar draga nú við að virkinu og bera eld í. Hleypur þar fyrst úr vatn mikið úr virkinu en brátt tók virkið að þorna. Refur gekk þá fram á virkið og spurði hver þessi ráð hefði til lagt með þeim. Bárður kvað hann það öngu varða.

Refur mælti: "Eg veit og," segir hann, "að engi yðar mundi þetta ráð fundið hafa nema þér nytuð yður hyggjari manna við."

Bárður svarar: "Hver sem oss kenndi þessi ráð þá skulum vér þér nú drottna í dag og þínum fjárhlut og hengja þig þar er þú megir líta yfir þenna þinn bólstað, eða skaltu brenna."

Þá kvað Refur vísu:

Þykkist þremja stökkvir,  
það er líkindi, að ríki  
reyndr, í röskum höndum  
ráð vort hafa báðum.  
Fyr get eg hins en hjörva  
hljómbeiðir mig veiði,  
hugðr mun hróðr, að brögðum  
hringbætandi mæti.

Refur snýr þá inn aftur í virkið. Þeir auka nú eldana og var nú eisa mikil og votareykur ómáttulegur. Og í því heyra þeir braukun mikla í virkið og er minnst varði fellur sá virkishluturinn er fram horfði að sjónum. Þar var svo gegnt til ætlað að virkið féll í skurðinn á framanverðan sævarbakkann. Það var svo slétt sem ein fjöl. En í því er virkið féll rann þar eftir fram skip á hvelum og þegar fram á sjóinn. Þeir Refur draga þegar segl upp. Er á gol nokkuð norðan eftir fjöllumum. Undir þeim hluta virkisins er féll urðu undir fjórir menn Bárðar og höfðu þegar bana.

## 15. kafli

Bárður heitir nú á sína menn. Hlaupa þeir til skips átta. Vinda þeir þegar upp segl sitt og róa undir slíkt er þeir mega. Dró hann nú brátt eftir þeim Ref.

En Gunnar kannar nú virkið og var það eitt í virkinu er engi hirti að hafa. Sneri hann þá út með firðinum með sínum mönnum til skipsins.

Refur sér að Bárður mun skjótt eftir koma.

Þá mælti Refur: "Nú skulum vér fyrst hleypa niður segli voru. En mig varir, er hitt skipið skríður skjótt, að þeir fái það ekki stöðvað en þeir vita önga von að vér munum bíða og mun þeirra skip renna fram á annað borð. Þá skaltu Steinn," sagði Refur, "höggva höfuðbendur þeirra en þú Björn skalt dafla í árum að þeim sýnist sem vér róum undan í skerpingi en þú lát sem skip vort muni sem minnst skriða."



Refur hjó nú hvel undan skipi sínu og því næst tók hann spjót eitt lítið og hvatti í ákafa.

Nú er að segja frá Bárði að þeir gera bæði, sigla og róa, en varði ekki að Refur mundi bíða. Rennir skip þeirra fram hjá skipi Refs. Í því skýtur Refur spjótinu til Bárðar. Flýgur það þegar í gegnum hann og nísti út við borðið. Steinn höggur allar höfuðbendur þeirra. Fór þá seglið útbyrðis með öllum sínum reiða og við því búíð að hvelfa mundi skipinu. Drógu þeir Refur þá upp segl sitt og voru brátt mjög fjarri og fóru þeir Refur þá leið sína þar til er þeir komu út úr firðinum. Skipverjar Bárðar gátu borgið reiða sínum. Lögðu þeir þá að landi undir nes eitt.

Gunnar og hans menn sáu að Refur sigldi út eftir firðinum. Þóttist hann þá vita að sá einn mundi hafa orðið fundur þeirra Bárðar er hann mundi ekki orð eftir senda. Bað hann þá sína menn flýta sér til skipsins og komast fyrir fjarðarmynnið. Þeir gera svo. Tók nú að líða dagurinn.

Þá er Refur og synir hans komu úr sundinu og í sundur lauk firðinum í annað sinn gátu þeir að líta hvar Gunnar reri frá landi og hans menn sem mest máttu þeir. Tók þá mjög að dimma af nótt en tunglsljós lítið.

Refur mælti þá: "Vér skulum sækja róður sem ákafast. En þú Björn," sagði hann, "skalt láta síga segl vort æ smám og um síðir fella."

Þeir gera nú svo.

Gunnar mælti þá til sinna manna: "Klækilega sækist yður róðurinn. Vér vorum áðan svo nær þeim að eg hugði að vér mundum skjótt taka þá en nú firrast þeir oss svo að lítil þúfa þykir skip þeirra að sjá. Mun þar vera vindur meiri. Mun þá því bera undan. Nú munum vér snúa til lands og rekast ekki á hafsmegin um nætur eftir Ref."

Þeir gerðu nú svo.

Um morguninn komu menn Bárðar til Gunnars og sögðu sínar ekki sléttar. Höfðu þeir þar lík Bárðar. Sneri Gunnar nú aftur til byggðar og undi illa við sína ferð. Var þar og eitt allra manna orðtak að fár mundu reknar verri fyrir einum manni.

Hásetar þeir er verið höfðu með Bárði gerðu skjótt varningsskipti. Sigldu þeir í Noreg um haustið og er þess ekki getið að Gunnar sendi Haraldi konungi neinar gersemar. Sögðu þeir konungi lát Bárðar og um skipti þeirra Refs. Konungi þótti farið hafa ekki fjarri getu sinni.

## 16. kafli

Refur og synir hans sneru þá til skips síns og urðu þar hvorir öðrum fegnir. Þjuggust þeir síðan til hafs og þegar þeir voru búnir sigldu þeir á haf. Þeir höfðu útivist langa og hæga. Þeir tóku Noreg um haustið og komu þar fyrst við land sem heitir Æðey. Landsmenn spurðu hver skipi því stýrði. Hann nefndist Narfi og lést vera íslenskur maður. Narfi spurði eftir hvar konungur væri í landinu. Landsmenn sögðu hann vera í Þrándheimi. Æðey er hálfra tylft suður frá Þrándheimi. Narfi sigldi þaðan inn til meginlands, leggur þar skipi sínu í einn leynivog, lætur þar eftir föruneyti sitt en leigir sér sexæring einn og leiðsögumann. Synir hans fara með honum og kona hans. Menn hans skulu gæta þar skips.

Ekki er getið um ferð Narfa fyrr en hann kemur til kaupbæjar í Niðarósi og leigði sér þar skemmu eina. Þau dvöldust þar nokkrar nætur. Narfi bauð þeim á varygð mikla að þeir gangi aldrei svo frá skemmumni að Helga væri þar ein eftir. Hann lét gera sér kufl bláan. Hafði hann og jafnan svarðreip um sig. Skegg hafði hann og látið binda sér hvítt og lést hann vera gamall kaupmaður, gekk nú jafnan

svo búinn um torg. Spjót hafði hann í hendi á lágu skafti og jární vafið skaftið.

Konungur var þar í bænum og mikið fjölmenni. Hirðmaður konungs hét Grani og var kallaður Skálp-Grani, fríður maður sýnum og barst á mikið að vopnum og klæðum. Grani var vífinn og kvensamur. Gerði hann mörgum í því mikla skapraun. Varð honum það nú þolað er hann hafði konungs traust.

Svo bar til einn dag að konungur hafði þing fjölmenn í bænum og var mönnum til blásið almennilega. Narfi gekk til þings og synir hans, Steinn og Þormóður. Björn var eftir hjá móður sinni. Og ekki því síður var honum forvitni á hvað talað var þar á þinginu og fer hann þangað. Narfi þekkir Björn og snýr að honum og spyr hvað eftir væri hjá Helgu. Hann segir að ekki var. Narfi snýr nú aftur til skemmunar.

Litlu síðar en Björn var í brottu genginn kemur maður í skemmuna. Sá var í blám klæðum og lét mikið yfir sér. Helga heilsaði þeim manni og spyr að nafni.

Hann lést heita Grani og vera hirðmaður Haralds konungs: "Er eg því hér kominn," segir hann, "að eg vil mér konu kaupa."

Hún bað hann ganga til þess í annan stað. Grani kvað það ósæmilegt að gamall maður ætti unga konu svo fríða og fagra. Hún kveðst mundu vera fyrir honum sjálfráða. Grani kveðst mundu vera ekki færavandur og tók til Helgu. Hún sprettur upp og verst. Slær þar í glímu. Og í því kemur Narfi til gluggans og sér inn. En er Grani sér skuggann bera fyrir gluggann þá slíst hann úr höndum Helgu og leitar til dyranna. Narfi vildi og komast fyrir dyrnar. Grani komst þá út fyrir og hefur þegar á rás.

Helga hljóp og til dyranna og vill þrífa til Narfa "og láttu Grana fara," segir hún, "því að hann hefir öngri eigu þinni spillt."

Narfi sleit Helgu af sér og hljóp eftir Grana og eggjar hann að bíða. Hann hleypur ekki að síður þar til að hann kemur að skíðgarðshliði einu. Þá var skammt í millum þeirra. Grani sér þá að hann mun tekinn verða.

Hann snýst þá við og mælti svo: "Hygg þú að," sagði hann, "hvað þér er geranda. Þó þú drepir mig þá er það dauði þinn. En svo lengi sem þú ert hér í bænum þá skal eg þér aldrei mein gera."

Hann baðst undan sem hann kunni.

Narfi mælti: "Það er satt," sagði hann, "að þér er alls kostar illa gefið. Þú berst á meira en menn og þykist mikill fyrir þér og gerir mörgum skömm en nú veistu ekki hversu þú skalt láta eða þér breyta, svo ertu hræddur. Bústu svo við fyrir því að ekki mun nú tjá að friðmælast."

Narfi lagði þá til hans spjótinu. Grani hafði öxi í hendi. Laust hann af sér lagið. Hann fór svo nokkrum sinnum. Narfi varð honum harðskeyttur og lauk svo að hann rak í gegnum hann spjótið. Hann dregur hann þá upp undir skíðgarðinn meðan hann var í fjörbrotunum og hylur hræ hans þar.

Narfa kemur nú í hug að ekki mun ráð að myrða manninn og best muni fallið að segja konunginum sjálfum. Gengur Narfi nú fyrst heim til skemmunar og biður Helgu taka föng þeirra og hafa til skips og svo leiðsögumann þeirra.

Narfi gekk nú þangað til sem þingið var. Þar var allmikill mannfjöldi og þröng. Narfi þröngdist nú fram millum manna þar til að hann kom fyrir konung. Í því bili talaði konungur um nauðsynjar manna.

Narfi tók ekki því síður til orða og mælti svo: "Herra konungur," sagði hann, "við Sverðhús-Grani urðum saupsáttir í dag er hann vildi fjallskerða konu mína. Eg stórkeraldaði hann í gegnum strábeygisauga. Þá langhúsaði hann, herra. Þá langhúsaði eg, herra. Þá hreiðurballaði eg hann, herra, en hann marghrossaði á mót. Þá fagurröggvaði eg hann, herra, en hann skipskeggjaði þá við. Þá lynghnappaði eg hann, herra, undir einn skíðgarð skammt í braut og voðvirkti eg yfir hann að lyktum."

Narfi snýr þegar í brott og til skips síns og hvatar nú mjög sinni ferð. Létu ganga um kveldið og um nóttina suður með landi þar til er þeir komu til skips Narfa. Þeir sigldu þá þegar til hafs.

## 17. kafli

Nú er að segja frá Haraldi konungi að hann er staddur á þinginu sem fyrr var sagt. En meðan Narfi flutti fram sitt erindi þá lét konungur ekki sína ræðu falla og engi maður fann að hann gæfi gaum að hvað Narfi sagði.

Og er hann hafði lyktað sínu erindi lét konungur blása til hljóðs og mælti síðan: "Hver var maður þessi oss ókunnur er stóð fyrir oss um hríð í blám kufli og svarðreip mikið um sig og spjót í hendi eða hvaðan er hann?"

Menn sögðu að þeir vissu aldrei hvaðan hann var, sögðu hann hafa verið þar í bænum nokkura daga og leigt þar skemmu eina og nefnst Narfi.

Konungur mælti: "Hvað þótti yður hann segja?"

Þeir kváðust það aldrei vita að það væri annað en vitleysa og hégómi.

"Vera má að svo sé", segir konungur, "en ekki varð mér maður sá lítill fyrir augum eða hvar er Skálp-Grani hirðmaður vor? Kalli hann fyrir mig."

Þeir gerðu svo og fundu hann ekki.

Konungur mælti þá: "Verri efni munu í vera. Maður þessi tók svo til orðs: "Við Sverðhús-Grani urðum saupsáttir í dag. Hann vildi fjallskerða konu mína." "Þess get eg," sagði konungur, "að hann muni átt hafa við hirðmann minn, Skálp-Grana, því að skálpurinn er hús sverðsins. Mun hann hafa farið um herbergi að leita sér kvenna. Má vera að þá hafi fyrir orðið kona Narfa þessa. Sá er drykkur á Íslandi er mysa heitir. Er það allt eitt, mysa og saup og drykkur. Nú munu þeir hafa orðið missáttir. Hann sagði hann hafa viljað fjallskerða konu sína. Þar hefir hann viljað hvíla með henni því að þá er kallað að konur séu giljaðar en gilin eru fjallskörð. Þá kveðst hann stórkeralda hann í gegnum strábeygisauga. Það er rétt atkvæði, sáir eru þau keröld stór. Þá vitið þér að vindur heitir strábeygir en vindauga á húsum og hefir hann séð hann um glugginn á herberginu er þau hafa saman átt. "Þá langhúsaði eg konungur," sagði hann, "og þá langhúsaði hann." Rann heitir langt hús og hefir þá hvortveggi þeirra runnið. Mun hann hafa hlaupið með skemmuveggnum hart er hann hefir séð sameignina. Það mun Grani heyrt hafa. Má vera að þá hafi hann staðar látið nema athöfn þá er hann hafði. Mun hann þá hafa forðað sér. "Þá hreiðurballaði eg hann," kvað hann. Þá mun hann hafa eggjað hann að bíða því að egg er hreiðurböllur. "En hann marghrossaði við." En stóð hross heita og eru mörg saman jafnan. Mun hann þá hafa staðar numið. Þá kveðst hann fagurröggva hann "en hann skipskeggjaði við." Skikkjur eru þær á Íslandi er feldir heita. Er það ýmist kallað á feldinum röggur eða lagður. Nú mun hann hafa vikið svo til málinu að kalla lagð. Mun hann þá hafa lagt í gegnum hann er hann kveðst fagurröggva hann. "En hann skipskeggjaði við." Barð heitir á skipi. Þá mun hann barist hafa er hann var í fjörbrotunum. "Þá lynghnappaði eg hann undir skíðgarð einn," sagði hann, "skammt í braut." Byrður heitir lynghnappur og hefir hann þá borið hann undir skíðgarðinn. Þá kveðst hann hafa voðvirkt yfir

hann síðan. Er það málsháttur á Íslandi að konur lúka vef. Mun hann þá hafa hulið hann. Nú vil eg," sagði konungur, "að þér leitið að þessum mönnum, bæði að hinum vegna og svo vegandanum."

Gerðu menn nú sem konungurinn bauð. Fannst Grani nú dauður en Narfi fannst hvergi.

Um morguninn lét konungur blása til móts og sagði svo: "Þau tíðindi urðu hér í gær að því er betur að slík eru sjaldan, er hirðmaður vor var veginn. Veit eg ekki þess íslensks manns von að það mun þora að gera hér undir handarjaðri vorum. Nú mun eg geta til hver þessi maður er. Hér mun kominn sá sami Refur er Grænendingum hefir gert mikið illbýli."

Eftir það nefndi konungur menn til að leita þessa manns bæði á sjó og á landi. Fóru þeir eftir því sem konungur gerði ráð fyrir.

## 18. kafli

Nú er að segja frá ferð Refs að þeir létu ekki fyrr sinni ferð en þeir komu til Danmerkur. Refur sótti þegar á konungs fund og sagði honum allan vöxt á þarkomu sinni og bað hann viðtöku.

Konungur sagði svo að honum þætti svo verða í hans frásögn sem nauður hefði til rekið víðast um harðræði hans: "Líst mér svo á þig og sonu þína sem gott muni brautargengi í yður. Nú af því að þú hefir vorn fund sótt, hefir þú og þann varning flutt í land vort sem oss er nú ekki um hríð mjög auðfengur sakir vorra fjandmanna, sem er svörður til reiða á skipum vorum, þá munum vér við yður taka. Mun eg fá yður eignir og bú þar sem oss líkar en synir þínir, Steinn og Björn, skulu vera með oss. Munu sæmdir þeirra þar við liggja hvert mankaup er mér þykir í þeim þann tíma er vér reynum. En Þormóður son þinn skal vera með þér."

Refur kveðst gjarna vildu að konungur sæi einn fyrir "en þó munum vér fyrst herra sjá fyrir peningum vorum og búa þá bræður til yðar."

Konungur kvað svo vera skyldu.

Fóru þeir Refur þá til skips síns. Kom það upp að þeir hefðu of fjár í svörð og tannvöru og skinnavöru og mörgum þeim hlutum er fásénir voru í Danmörk af grænenskum varningi. Þeir höfðu fimm hvítabjörnu og fimm tigu fálka og fimmtán hvíta.

## 19. kafli

Þar er nú til að taka að skip það kom þetta haust af Grænlandi er Bárður hafði stýrt. Spyr konungur nú víg Bárðar og alla atburði þá sem þar höfðu orðið.

Konungur lætur nú blása til móts einn dag og á því móti talaði Haraldur konungur og sagði mönnum víg Bárðar hirðmanns síns af Grænlandi "og þeir atburðir," sagði konungur, "sem hér urðu um víg Grana. Veit eg víst nú að sá hinn sami Narfi hefir verið Refur Steinsson. Mun eg lengja nafn hans og kalla hann Króka-Ref. Nú þó að hann sé mikill fyrir sér þá verðum vér þó að geyma vorrar tignar, að leiða öðrum að drepa niður hirð vora og af því gerum vér hér í dag þenna mann útlægan fyrir endilangan Noreg og svo vítt sem vort ríki stendur."

Eftir það nefnir konungur til Eirík bróður Grana og með honum sex tigu manna að fara suður til Danmerkur að sitja um líf Refs.

## 20. kafli

Eiríkur býr nú ferð sína og þeir menn sem honum skyldu fylgja. Léttu þeir ekki sinni ferð fyrir en þeir komu til Danmerkur og lágu við Jótland í góðri höfn nokkura daga.

Sem þeir komu þar þá kom af landi ofan karl einn gamall við tvo stafi og í vondri heklum og hvítt skegg af hæru. Þeir fögnuðu honum vel. Þeir spurðu karl að nafni. Hann nefndist Sigtryggur. Þeir spurðu hvar ætt hans væri. Hann kveðst vera norrænn að hinum fyrrum ættum en verið nú í Danmörk um stund og orðið þar fátækur. Þeir kváðu hann mundu vera góðan karl og kunna þeim margt að segja. Hann spurði að hverju þeir vildu spyrja. Þeir kváðust vildu forvitnast til þess manns er Refur hét og mundi þar hafa komið um sumarið á skipi við nokkura menn.

Sigtryggur mælti: "Mun mér það til nokkurs vera að segja yður það er þér viljið vita?"

Þeir kváðu honum ekki mundu matskort um nokkura daga.

Sigtryggur mælti: "Ekki mun eg þetta til matar eins gera, að segja yður til Refs, því að eg veit af umræðu manna að þér munuð sitja um líf hans. Nú mun eg gera yður þann kost að fylgja yður þar til þér sjáið Ref og sonu hans og þá tólf menn sem honum hafa fylgt í sumar enda skal eg eignast eyri silfurs af hverjum yðrum og einn kostgrip af skipi yðru enda skuluð þér skyldir að flytja mig til Noregs, ef eg vil, á yðrum kosti. Skuluð þér og mig láta ráða fyrir ferð vorri þar til er vér finnum Ref."

Þessu kaupa þeir saman.

Sigtryggur mælti: "Nú skulum vér taka tjöld af skipi voru þegar í stað og róa fram um nesið."

Þeir gerðu svo og lögðu þar að landi.

"Nú mun eg ganga upp," sagði karl, "og tveir yðrir menn með mér og vita hvers vér verðum vísir."

Þeir gerðu nú svo. Var þar skógur nær. Og er þeir komu skammt í skóginn hlupu þar að þeim menn með vopnum. Voru þar synir Refs og þeir tólf saman. Voru hinir norrænu menn handteknir báðir. Sigtryggur kastar þá tötrunum og svo skegginu. Gengu þeir þá annan veg til sjóvar. Flutu þar fyrir tvö langskip og tvö hundruð manna. Hafði Sveinn konungur sent þetta lið til Refs þegar hann vissi að njósnarmenn voru til hans gervir. Refur og hans menn vopnuðust og veittu Eiríki atróður og hans mönnum. Og er þeir fundust urðu þar skjót umskipti, að menn voru allir drepnir af Eiríki nema tíu voru handteknir.

Refur mælti þá: "Nú er svo komið Eiríkur að hér er kominn Sigtryggur félagi þinn og kaupunautur er þú fannst í gærkveld. Hefi eg nú ent það er eg hét þér að nú máttu hér sjá Ref og sonu hans. Nú af því að eg drap bróður þinn þá vil eg nú gefa þér líf ef þú vilt sverja það að sitja aldrei um líf mitt né sona minna. Skaltu og segja Haraldi konungi allt hið sanna um vörn fund. Seg honum og að nú hefi eg launað honum nokkuru fjörráð þau er hann lagði til með þeim mönnum er líf mitt vildu hafa. En Haraldi konungi mun ekki auðið verða að láta drepa mig. Skal honum sá einn óþarfari í Danmörk en eg er meira má."

Eftir það sór Eiríkur eiða þessa. Refur fékk þá Eiríki tólfæring einn og þar með þá hluti sem hann þurfti að hafa að nauðsynjum. Refur tók til sín langskip það er þeir höfðu þangað haft og færði Sveini konungi.

Lofaði konungur mjög tiltæki Refs, kvað þau vera bæði harðmannleg og drengileg "skaltu nú og þetta nafn hafa," sagði Sveinn konungur, "hér í voru ríki, að heita Sigtryggur, því að hitt er hér fánafnt. En að nafnfesti viljum vér gefa þér gullhring þenna er stendur mörk. Þar með skaltu þiggja af oss tólf bú vestur á Vendlí, þau er þú kýst, af því að eg skil að þú munt vera stórvitur maður."

Refur þakkaði konungi með fögrum orðum höfðinglegar gjafir og alla þá sæmd er hann veitti honum. Refur fór nú til búa sinna er konungur hafði gefið honum og Helga kona hans og Þormóður son þeirra. Gerðist Sigtryggur þar hið mesta stórmenni.

Og er hann hafði þar setið nokkura vetur bjó hann ferð sína út í Rómaborg og sótti heim hinn helga Pétur postula. Og í þeirri ferð fékk Sigtryggur sótt þá er hann leiddi til bana og er hann jarðaður á ríku munkaklaustri út í Frakklandi.

Steinn og Björn voru með Sveini konungi lengi og virti hann þá mikils svo að hann fékk þeim göfug kvonföng í Danmörk og staðfestust þeir þar báðir og þóttu ágætir menn. Frá Steini er kominn Absalon erkibiskup er var um daga Valdimars konungs Knútssonar. Þormóður son Refs fór til Íslands eftir fall Haralds konungs og tók við landi á Kvennabrekku og kvæntist á Íslandi og er margt göfugra manna frá honum komið.

Lúkum vér þar Króka-Refs sögu.